

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Seyðisfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733381,426 538446,438

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Tvær athugasemdir / ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir olúbirgðastöðina á Seyðisfirði í janúar sl. Heimilt er að geyma allt að 480 m³ af olíu í stöðinni og þar af olíu í stærsta geymi allt að 121 m³. Stöðin er eingöngu tengd olíuflutningum með bifreiðum. Auk þess er gert ráð fyrir ílátum og öðrum búnaði fyrir íblöndunarefni í eldsneyti, afgreiðslubúnaði á flutningsgeyma og öðrum búnaði í samræmi við lög og reglugerðir. Í stöðinni er einnig heimil móttaka á allt að 5 tonnum af úrgangsolíu á ári. Móttökugeymir úrgangsolíu skal vera í viðeigandi lekavörn.

Eftirlit í olúbirgðastöð Skeljungs hf. á Seyðisfirði hófst á skoðun gagna. Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöðina, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Stöðin er lítið notuð og bera skráningar þess merki. Mánuðir hafa liðið án þess að skráð sé samkvæmt kröfum í starfsleyfi. Skrá skal í rekstrarhandbók viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði, eftirlit með úrtökum og lausum tengjum, magn og gerð móttækinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar. Eins skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim ásamt þjálfun starfsmanna. **Bæta þarf skráningar í stöðinni.**

Olúgeymar og olúlagnir í stöðinni eru í góðu lagi. Allir olúgeymar voru botnþykktarmældir árið 2008 og því þarf að botnþykktarmæla þá á árinu. Eina olúlagnirnar í stöðinni eru innðælingarlagnir fyrir olúgeyma og lagnir sem liggja út í dæluhús við hlið áfyllingarplans. Allar olúlagnir eru á lofti og auðvelt að framkvæma sjónskoðun á þeim.

Afgreiðsluplan fyrir flutningsgeyma með niðurfali í lægsta punkti er tengt olúskilju áður en frárennsli rennur í sjó fram. Olúleifar í frárennsli olúskilju voru mældar með litaborða frá Macherey-Nagel og kom ekki fram litabreyting. Hreinsun frárennslis uppfyllir því kröfur í starfsleyfi. Bólholt ehf. hreinsaði olúskiljuna í júlí.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

Næst var skoðun á olúbirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olúskilja og fráveitumál.

Afgreiðsluplan stendur við bryggjukant og olúgeymar í þró þar fyrir innan. Ekki er nein brimvörn við stöðina og enn er hætt á að sjór, sandur og mól flæði inn á afgreiðsluplan stöðvarinnar á stórstraumsflóði og niður í olúskiljuna. **Farið er fram á aukna tíðni eftirlits og viðhalds (þrifa) á mengunarvarnarbúnaði stöðvarinnar þar til bryggjukantur / brimvörn hefur verið byggð til þess að stöðva þennan ágang sjávar.**

Snyrtilegt var yfir að líta og girðingar og hlið í lagi.

ATHUGASEMDIR

Ábending 1.

Bæta þarf skráningar í olúbirgðastöðinni á Seyðisfirði.

Ábending 2.

Farið er fram á aukna tíðni eftirlits og viðhalds (þrifa) á mengunarvarnarbúnaði stöðvarinnar þar til bryggjukantur / brimvörn hefur verið byggð til þess að stöðva ágang sjávar. □


ANNAÐ

Átaksverkefni Umhverfisstofnunar snýr að gerð umhverfismarkmiða. Gefinn hefur verið út bæklingur í því skyni þar sem kostir mælanlegra markmiða eru útskýrðir. Bæklingurinn var afhentur í eftirliti. Eins var farið yfir breytingar sem

ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi gerir til olíubirgðastöðva. Reglugerðin er nr. 884/2017.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018



Gottskálk Friðgeirsson